



24 stundir/Kjúlus

Stór hópur Hver fær líftryggingu og hver ekki? Sjúkdómar foreldra eða alkóhólismi getur komið í veg fyrir að fólk fái líftryggingu.

Hver fær líftryggingu?

■ Fjölmenntir þjóðfélagshópar fá enga líftryggingu og fara ótryggðir gegnum lífið

Eftir Hlyn Orra Stefánsson
hlynur@24stundir.is

Stór hluti þjóðarinnar virðist eiga í erfiðleikum með að fá líftryggingar, eða þurfa að greiða meira fyrir líftryggingar en aðrir, á forsendum sem viðmælendum 24 stunda finnst undarlegar.

Óvirkir alkar ótryggðir

Í byrjun þessa mánaðar sagði Ari Matthíasson, framkvæmdastjóri SÁÁ, algengt að tryggingafélög höfnuðu umsóknum um líftryggingar sökum þess að umsækjandi væri óvirkur alkí.

„Þetta er mjög sérkennilegur hugsunarháttur. Ef þú ert alkóhólisti og hefur farið í meðferð, þá borgar þú hærra gjald og átt erfiðara með að kaupa líftryggingu en alkóhólisti sem enn drekkur,“ sagði Ari, sem telur að reglur sem þessar komi helst niður á þeim sem heiðarlegir eru við útfyllingu tryggingaumsókna.

Geðsjúkir fá ekki tryggingu

„Ég þekki mörg dæmi þess að einstaklingi hafi verið neitað um líftryggingu af þeirri ástæðu einni að hann hafi einhvern tímann á lífsleiðinni greinst með geðröskun,“ sagði Sveinn Magnússon, framkvæmdastjóri Geðhjálpar, í samtali við 24 stundir í lok síðasta mánaðar. Hann sagði engu virðast skipta

STÓR HLUTI ÞJÓÐARINNAR

- 9,4% af núlifandi íslenskum karlmönnum 15 ára og eldri hafa farið inn á Vog.
- Geðhjálpar áætla að fjórðungur þjóðarinnar hafi glímt við alvarlega geðröskun.
- Á árunum 1997-2006 var dánarorsök Íslendinga krabbamein í fjórðungi tilfella.

þótt viðkomandi væri ekki lengur veikur á geði er hann sækta um.

Börn krabbameinssjúkra

„Mér varð það ljóst strax af viðbrögðum starfsfólks tryggingafyrirtækisins sem ég lagði inn umsókn hjá að ég fengi ekki líftryggingu,“ sagði Þóra Magnea Magnúsdóttir í síðustu viku, en foreldrar hennar dóu úr sjúkdómum sem ekki eru arfgengir.

Er 24 stundir höfðu samband við Vonina, hagsmunasamtök krabbameinsgreindra, sögðust þeir stjórnarmenn sem rætt var við hafa heyrt dæmi þess að einstaklingi hefði verið neitað um líftryggingu sökum þess að foreldri eða foreldrar viðkomandi hefðu látist úr krabbameini.

ÞEKKIR ÞÚ TIL?

Hringdu í síma 510 3700 eða sendu póst á 24@24stundir.is